



## Fundur háskólaráðs 11. desember 2000

### Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043  
Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 08.12.2000 10:47:16  
Dags: 11.12.2000

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

18/2000

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, mánudaginn 11. desember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Mál til kynningar

- 1.1 Bréf Páls Skúlasonar til Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra.
- 1.2 Vísindavefur Háskóla Íslands – yfirlit yfir starfið.
- 1.3 Fundir og verkefni í háskólaráði á vormisseri 2001, drög að áætlun.
- 1.4 Minnisblað til háskólaráðs um stöðu ýmissa mála.
- 1.5 Ráðstöfun fjármuna þróunarsjóðs á árinu 2000.

### 2. Mál á dagskrá

- 2.1 Fjármál. Forsendur skiptingar fjárveitinga.  
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og gerði grein fyrir minnisblaði dags. 11. þ.m. frá fjármálanefnd til háskólaráðs um skiptingu aukafjárveitingar vegna kennslu á árinu 2000 og fjárveitingu ársins 2001.  
Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur fjölmörgum spurningum og athugasemdum sem fram komu. Stefnt er að því að ljúka málinu á næsta fundi ráðsins.
- 2.2 Fram var lagt minnisblað dags. 11. þ.m. um fjárveitingar til sjóða árið 2001, sbr. bréf rektors til formanna kennslumálanefndar, fjármálanefndar og vísindanefndar dags. 27. júní s.l.  
Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennsluviðs, gerði grein fyrir minnisblaðinu, en þær fjárhæðir sem þar er lagt til að renni í sjóðina eru þegar komnar inn í tillögu fjármálanefndar að skiptingu fjárveitingar ársins 2001.
- 2.3 Fram voru lögð drög að reglum Háskóla Íslands um framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna. Málinu var frestað til næsta fundar ráðsins.
- 2.4 Inn á fundinn kom Margrét Björnsdóttir, framkvæmdastjóri þróunar- og kynningarviðs og kynnti tillögur til háskólaráðs um afmælishátíð Háskóla Íslands á 90 ára afmæli skólans. Tillögurnar voru lagðar fram til kynningar á síðasta fundi ráðsins. Markmiðið með hátíðinni verði þrjúþætt:  
Að leiða almenningi fyrir sjónir forystuhlutverk Háskóla Íslands í íslensku þjóðlífi í 90 ár.  
Að gefa nokkra innsýn í þá miklu grósku og fjölbreytni sem einkennir starf Háskólans.  
Að örva til umhugsunar um stöðu og hlutverk Háskólans sem alþjóðlegs rannsóknaháskóla.  
Tillaga að dagskrá á afmælisárinu 2001 fylgdi. Tillögurnar voru ræddar og kom fram stuðningur ráðsins við að halda upp á afmælið og markmiðin sem undirbúningsnefndin setur fram. Skipuð verður afmælisnefnd á næsta fundi ráðsins.
- 2.5 Fyrir var tekið bókað erindi 1.1 frá síðasta fundi ráðsins, en því var þá frestað. Erindið

var samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 16:00